



Kennari/ar: Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: TDT

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið til fjölpætrrar menningarlegrar könnunar. Þetta er verkefnavinna þar sem nemendur kryfja viðfangsefni í ljósi margra þátta, t.d. myndlistar, bygginga, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar. Í ferlinu þarf að sundurgreina efnið, skipuleggja vinnuna, tengja efnisþætti og velja sjónarhorn. Gert er ráð fyrir að jafnaðarlega sé staldrað við og skipulega rætt um aðferðir, eðli heimilda, tengsl efnisþátta og möguleika á heildarmynd.

Hér á eftir eru taldir helstu efnisþættir áfangans. Verður áfanganum skipt í þrjá hluta og verða verkefni og umræður í hverjum hluta. Mun hvert hluti veita innsýn inn í hugarheim þess tíma.

Grísk og rómversk klassik. Upphaf kristni.

Frá Endurreisn til Barokks.

18. Og 19. Öld.

Farið verður yfir þessa þætti í tímum, nemendur munu ræða þá og vinna verkefni sem tengjast þessum tímabilum. Kennsluáðferðir og námsmat byggjast að miklu leyti á verkefnavinnu nemenda undir leiðsögn og í samvinnu við kennarann. Munu nemendur svara spurningum í tíma eftir hvern fyrirlestur og safna þeim saman í skilamöppu. Einnig verða umræður í tíma sem byggjast á lesefninu. Hópar verða myndaðir sem munu ræða viðfangsefni námsbókarinnar. Nemendur munu lesa ævisögu og vinna upp úr henni.

Framlag þeirra getur birst sem rannsóknarritgerðir eða fyrirlestrar, upplestrar, sýningar, tónlistarflutningur eða önnur skyld framsetning. Við flutning verkefna er lagt til að nemendur noti frumlegar leiðir til þess að koma efninu til skila.

Nemendur sem eru tuttugu ára eða eldri geta samið við kennara um þátttöku í áfanganum. Þátttaka í verkefnavinnu og vinnulotum er skilyrði. Nemandi verður að leggja fram vinnu í öllum þremur verkefnum. Nemendur fæddir 1994 geta samið við kennara um mætingu og þátttöku í verkefnum og skilum.

Námsefni:

Kennslubók: **Þættir úr menningarsögu** eftir Heiðrúnu Geirsdóttur, Jón Gunnar Þorsteinsson og Margréti Gunnarsdóttur. Vefheimildir, bækur á bókasafni.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
2-5	Grikkir. Bls. 9-38. Rómverjar Bls.39-58	Hlutapróf Munnlegt próf
5-6	Vestræn menning Bls. 59-96	
8-9	Endurreisn Bls. 97-128	
10-13	Frá barokk til upphaf nútímans bls. 129-166	Hlutapróf
14-15	Tuttugasta öldin bls. 167-210	Munnlegt próf

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur taki þátt í verkefnaflutningi og skilum, auk þess sem þeir hlusti á verkefni annarra. Í hópvinnu flytur allur hópurinn svo sitt verkefni. Nemendur skulu skila verkefnum á réttum tíma. Ef nemandi getur ekki skilað/flutt verkefni á réttum tíma skal sá hinn sami hafa samband við kennara og greina honum frá ástæðum. Sein skil geta dregið niður einkunn verkefnissins.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa		20%
Flutningsverkefni		20%
Hlutapróf		15%
Ævisöguverkefni		20%
Munnleg próf		15%
Flipp		10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

14. ágúst 2014 Tómas Davíð Ibsen Tómasson